36. Upphaf berklavarna.
Leiðrétting.

2 blöð

... en frúin hafi engu að síður unnið gleðilegt afrek í vettvangi berklavarnanna. Hún er í raun og veru fyrsti Íslendingurinn sem hefst handa um framkvæmdir í þágu berklaveikra manna hér á landi (Október nóv.). Árið 1906 stofnar hún Kvenfélagið Hringinn í Reykjavík í þeim tilgangi að hjálpa berklasjúklingum. Leitaði hún upplýsinga um hina sjúku hjá Guðm. Björnssyni landlækni. Síðar fór hún sjálf heim á heimili þeirra og kom þeim í (stöku) sjúkrahús, en félagið greiddi dvalarkostnaðinn.

Þetta eru fyrstu berklavarnirnar á Íslandi. Læknar áttu þar ekki frumkvæðið, heldur kona, sem stofnar félag í þessum tilgangi og vinnur sjálf að framkvæmdastarfinu. Og þetta er nokkrum árum áður en Guðm. Björnsson o.fl. koma á fót félagsskap, sem síðan byggir Vífilstaðahælið.

Engum efa skal á það lagður að merkiskona þessi — því það er hún — hafi unnið gleðilegt afrek í vettvangi berklamálanna, en að hún sé "fyrsti Íslendingurinn sem hefst handa um framkvæmdir" í þeim málum hér á landi verður eftir á máli að teljast mjög hæpin staðhæfing, og ekki algjörlega röng. Greinarhöf. segir að frúin hafi stofnað Kvenfélagið Hringinn árið 1906 (stofndagur hans er )
Orðrétt: "Á því ári var það afráðið við Guðm. Bj. landlækni að hann flytti fyrirlestur "um berklaveikina og varnir við henni", og flutti hann fyrirlestur þennan hinn sama ár, einn afleiðing þessa varð svo sú að á fundi í I.O.O.F. söfnuðu menn þeir er á þeim fundi voru 1500 kr. og litlu síðar 315 kr. Þ.e. samtals kr. 1815.— sem fyrsta vísi til sjóðstofnunar til byggingar berklahælis.
Það þó eigi ósennilegt að frúin hafi getað fengið einhverjar "upplýsingar um hina sjúku hjá Guðmundi Björnssyni". En það var hann, sem "var fyrsti Íslendingurinn sem hefst handa um framkvæmdir í þágu berklaveikra manna hér á landi" og er þessa getið í blöðum bæjarins síðar, m.a. ...
segir Einar Hjörleifsson ritstj. þetta um það í ísafold ....

Af ótilgreindum ástæðum og til öryggis sögulegum stað-
reyndum mér og síðari mönnum leyfi ég mér hér með að láta þess getið ~~[illegible]~~, að
„fyrstu berklavarnirnar á Íslandi" hófu Odd-Fellowar árið
1905, með því 1. að Guðm. Björnsson hélt fyrirlestur í félaginu
um þetta efni og síðar fyrir almenningi og 2. að á fyrsta
fundinum, sem þetta mál var tekið til meðferðar í félaginu
söfnuðust kr. 1500 – með frjálsum samskotum félagsmanna
þeirra, er þá voru á fundi og síðar kr. 315. – meðal annarra
félagsmanna, eða alls kr. 1815. – og varð þetta fé fyrsti
vísirinn til sjóðstofnunar í því skyni að reisa hæli
fyrir berklaveika sjúklinga á Íslandi. Það var því
Odd-Fellowar sem áttu þar frumkvæðið, með Guðm. Björnsson
o.fl. meðlimi félagsins í broddi fylkingar, er stöðugt unnu að
því, að koma hælinu upp, svo að það gæti tekið til starfa 1910.
Guðm. Björnsson valdi og staðinn fyrir það að Vífilsstöðum